



ÆDALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

ALMENNUR HLUTI

2004

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.**

**1. gr.**

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytta útgáfu af gildandi aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta, sem birt var með auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, dags. 31. mars 1999 og tók gildi 1. júní sama ár. Þessi breytta útgáfa kemur í stað texta á bls. 1 - 57 í almennum hluta sérstakrar útgáfu aðalnámskrár framhaldsskóla sem gefin var út í kjölfar auglýsingar nr. 274/1999.

**2. gr.**

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu 28. janúar 2004.

  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



Guðmundur Árnason.



AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA

ALMENNUR HLUTI  
2004

---

Menntamálaráðuneytið: námskrár 41

Apríl 2004

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfsími: 562 3068  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: menntamalaraduneyti.is

Hönnun og umbrot: Kvika ehf.  
Prentun: Svansprent

© 2004 Menntamálaráðuneytið  
ISBN 9979-777-15-X

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> . . . . .	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>Grundvöllur og hlutverk aðalnámskrár</b> . . . . .	<b>7</b>
<b>3</b>	<b>Hlutverk, markmið og starfshættir framhaldsskóla</b> . . . .	<b>8</b>
<b>4</b>	<b>Uppbygging náms - námsleiðir</b> . . . . .	<b>11</b>
4.1	Forsendur . . . . .	11
4.2	Námsskipan . . . . .	12
4.3	Áfangalýsingar . . . . .	12
4.4	Námsbrautir . . . . .	13
4.4.1	Bóknám til stúdentsprófs . . . . .	13
4.4.2	Viðbótarnám til stúdentsprófs . . . . .	16
4.4.3	Listnám . . . . .	18
4.4.4	Starfsnám . . . . .	19
4.4.5	Almenn námsbraut . . . . .	23
4.4.6	Nám í sérdeild . . . . .	23
<b>5</b>	<b>Inntökuskilyrði</b> . . . . .	<b>24</b>
<b>6</b>	<b>Skólanámskrá</b> . . . . .	<b>25</b>
6.1	Inntak skólanámskrár . . . . .	25
<b>7</b>	<b>Um réttindi og skyldur skóla og nemenda</b> . . . . .	<b>27</b>
7.1	Innritun nemenda og þjónusta . . . . .	27
7.2	Skólasókn . . . . .	27
7.3	Skráning nemenda í próf og brotthvarf frá námi . . . . .	28
7.4	Kennsluáætlanir og námsmat . . . . .	28
7.5	Reglur um námsframvindu . . . . .	29
7.6	Mat á námi úr öðrum skólum, óformlegu námi og starfsreynslu . . . . .	31
7.7	Nám utan skóla . . . . .	32
7.8	Reykingar og vímuefni . . . . .	32
<b>8</b>	<b>Um námsmat og próf</b> . . . . .	<b>33</b>
8.1	Próf . . . . .	33
8.1.1	Veikindi í prófi . . . . .	33
8.1.2	Einkunnagjöf . . . . .	34
8.1.3	Frávik frá prófareglum . . . . .	34
8.1.4	Um birtingu einkunna . . . . .	35
8.1.5	Varðveisla prófúrlausna . . . . .	35
8.2	Staðall fyrir prófskírteini . . . . .	35

<b>9</b>	<b>Undanþágur og frávik</b> . . . . .	<b>37</b>
9.1	Undanþágur og frávik frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum . . . . .	37
9.2	Undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum . . . . .	38
<b>10</b>	<b>Um meðferð persónulegra upplýsinga</b> . . . . .	<b>39</b>
10.1	Meðferð gagna . . . . .	39
10.2	Upplýsingaskylda gagnvart nemendum, foreldrum/ forráðamönnum . . . . .	39
<b>11</b>	<b>Meðferð mála</b> . . . . .	<b>40</b>
11.1	Samskipti nemenda og starfsfólks framhaldsskóla . . . . .	40
11.2	Misferli í prófum . . . . .	41
11.3	Ágreiningur um námsmat . . . . .	41
11.4	Brot á reglum um skólasókn . . . . .	41
11.5	Ágreiningur um námsframvindu . . . . .	41
<b>12</b>	<b>Mat á skólastarfi</b> . . . . .	<b>42</b>
12.1	Sjálfsmat . . . . .	42
12.1.1	Viðmið fyrir sjálfsmat . . . . .	43
12.2	Ytra mat . . . . .	44
12.2.1	Úttektir á sjálfsmatsaðferðum . . . . .	44
12.2.2	Úttektir á skólastarfi . . . . .	44
<b>13</b>	<b>Fullorðinsfræðsla</b> . . . . .	<b>46</b>
13.1	Framhaldsskólar . . . . .	46
13.2	Símenntun . . . . .	46
<b>14</b>	<b>Viðauki I</b> . . . . .	<b>48</b>
<b>15</b>	<b>Viðauki II</b> . . . . .	<b>50</b>
<b>16</b>	<b>Viðauki III</b> . . . . .	<b>51</b>

## 1 INNGANGUR

Ný aðalnámskrá framhaldsskóla tók gildi 1. júní 1999 og kom hún til framkvæmda frá og með skólaárinu 1999-2000. Einstakir skólar fengu þó heimild til að fresta framkvæmdinni um eitt ár. Námskráin verður því komin að fullu til framkvæmda í öllum skólum að loknu skólaárinu 2003-2004.

Námskráin var gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla. Þá var gefinn út almennur hluti námskrárinnar, námskrár fyrir bóknám sem lýkur með stúdentsprófi og listnám. Námskrár fyrir starfsnám sem birtar voru í þeirri útgáfu voru frá fyrri tíma en þær hafa verið endurskoðaðar jöfnum höndum og er breytt eða bætt við aðalnámskrá framhaldsskóla með sérstakri auglýsingu í stjórnartíðindum hverju sinni.

Á þeim tíma sem liðið hefur frá útgáfu námskrárinnar hafa komið í ljós minniháttar gallar og agnúar sem nauðsynlegt er að lagfæra auk þess sem teknar hafa verið ákvarðanir um tiltekin atriði sem voru ófrá-gengin. Námskráin frá 1999 var þannig að hluta til orðin úrelt og því þótti rétt að endurskoða hana og gefa út að nýju. Ný útgáfa felur ekki í sér neina breytingu á þeirri menntastefnu sem mörkuð var með út-gáfunni 1999.

Meðal breytinga sem gerðar hafa verið eru þessar helstar:

- Texti hefur verið yfirfarinn og leitast við að einfalda framsetningu og endurorða setningar sem þóttu óljósar eða torskildar.
- Sett hafa verið inn ákvæði um viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir starfsnámsnemendur.
- Samsetningu náms á félagsfræðabraut hefur verið breytt á þann veg að fjöldi eininga í ensku er aukinn en einingum í samfélagsgreinum samkvæmt ákvörðun skóla fækkað að sama skapi. Þetta er gert til að einfalda framkvæmd samræmdra prófa.
- Á kjörsviði náttúrufræðibrautar hefur verið bætt inn námsgreinunum lífeðlisfræði og næringarfræði.
- Upptalningu námsgreina á kjörsviði félagsfræðabrautar hefur verið breytt á þann veg að felld eru brott heitin rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði og í staðinn sett inn heitið viðskiptagreinar. Þessi breyting felur í sér að einstakir skólar hafa meira svigrúm hvað varðar framboð námsgreina á sviði viðskipta. Auk þess er heimspeki bætt á listann.

- Nám í almennum bóklegum greinum í starfsnámi hefur verið samræmt milli brauta.
- Fjallað er sérstaklega um mat á óformlegu námi og starfsreynslu.
- Birtur er staðall fyrir prófskírteini.
- Mat á skólastarfi. Fjallað er um sjálfsmat og ytra mat á skólastarfi.

Almennur hluti námskrárinnar er nú gefinn út í tvennu lagi. Í þessum hluta er fjallað um helstu þætti í starfsemi framhaldsskóla og meginviðmið sem skólar þurfa að fylgja í starfi sínu. Hinn hlutinn inniheldur brautalýsingar og verður gefinn út sérstaklega.

Báðir hlutarnir verða aðgengilegir á heimasíðu ráðuneytisins eins og aðrar námskrár, auk þess sem þeir verða gefnir út í prentuðu formi. Reynt verður að tryggja eftir því sem mögulegt er að sú gerð sem birtist á heimasíðunni verði ætíð rétt en þetta felur í sér að þar verða færðar inn breytingar sem kunna að verða gerðar um leið og þær hafa verið staðfestar af ráðherra.



## 2 GRUNDVÖLLUR OG HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR

Menntun er ein meginstoð lýðræðis, almennrar velferðar og menningar. Hver maður á rétt til menntunar eins og staðfest er í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að. Til samræmis við þetta er í lögum um framhaldsskóla kveðið á um að allir, sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, skuli eiga kost á að hefja nám í framhaldsskóla.

Aðalnámskrá er meginviðmiðun skólastarfs á framhaldsskólastigi og er hún gefin út af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir. Í aðalnámskrá er að finna nánari útfærslu á þeirri mennta- og skólastefnu sem birtist í lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla með þeim breytingum sem gerðar hafa verið og túlkun á einstökum ákvæðum þeirra. Í námskránni er lýst námsframboði og umgjörð skólastarfs á framhaldsskólastigi og þeim starfsramma sem skólastarfi er settur með lögum og reglugerðum um framhaldsskóla en þar er einnig vísað til sérstakra ákvæða sem er að finna í öðrum lögum og varða nám á framhaldsskólastigi. Hlutverk aðalnámskrár er margþætt:

- 1 Aðalnámskrá er helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja ákveðna samræmingu og samhæfingu framhaldsskóla við útfærslu sameiginlegrar menntastefnu. Námskráin er því ein meginforsenda þess að menntamálaráðuneytið geti gegnt lögboðnu hlutverki sínu við að annast yfirstjórn og eftirlit með gæðum skólastarfs.
- 2 Aðalnámskrá afmarkar starfsramma stjórnenda og starfsmanna einstakra framhaldsskóla við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra m.a. í skólanámskrá.
- 3 Aðalnámskrá veitir upplýsingar um menntastefnu stjórnvalda, námsframboð og námskröfur. Framhaldsskólum ber að fylgja ákvæðum hennar við skipulagningu skólastarfs. Hún veitir nemendum framhaldsskóla og forráðamönnum þeirra upplýsingar um helstu viðmiðanir sem starfsemi skólanna byggir á. Námskránni er ætlað að veita kennurum og nemendum grunnskóla, svo og forráðamönnum þeirra, upplýsingar um undirbúning nemenda þegar þeir ljúka námi í framhaldsskóla og hefja störf eða takast á við áframhaldandi nám. Námskráin er einnig til viðmiðunar fyrir þá sem

annast menntun framhaldsskólakennara og annars starfsfólks framhaldsskóla svo og þá sem vinna við gerð námsgagna og rannsóknir og úttektir á skólastarfi. Auk þess er námskráin gagnleg öllum þeim sem hafa löngun eða þörf fyrir að kynna sér starfsemi skóla á framhaldsskólastigi.

Í aðalnámskrá eru sett fram meginmarkmið framhaldsskóla og skilgreind markmið einstakra námsbrauta, námsgreina, námsáfanga og námslok. Einnig er kveðið á um umfang og uppbyggingu einstakra námsbrauta, inntak í megindráttum og námskröfur og tilgreindur er meðalnámstími á hverri námsbraut.

Þá er m.a. gerð grein fyrir inntökuskilyrðum á einstakar námsbrautir, réttindum og skyldum nemenda, námsmati og prófum, undanþágum frá námi í einstökum áföngum eða námsgreinum, viðbótarnámi fyrir starfsnámsnemendur sem vilja ljúka stúdentsprófi og meðferð ágreiningsmála.

### 3 HLOTVERK, MARKMIÐ OG STARFS- HÆTTIR FRAMHALDSSKÓLA

Framhaldsskólum ber að sinna öllum nemendum hvernig svo sem undirbúningi þeirra úr grunnskóla er háttað.

Í lögum um framhaldsskóla segir í 2. grein.

Hlutverk framhaldsskóla er að

- stuðla að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi
- búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám
- efla ábyrgðarkennd, viðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda
- þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun
- kenna nemendum að njóta menningarlegra verðmæta
- hvetja nemendur til stöðugar þekkingarleitar.

Til þess að framhaldsskólar geti sinnt hlutverki sínu þarf starfsemi þeirra að byggja á ýmsum og ólíkum þáttum og þeir þurfa að geta

mætt margvíslegum kröfum sem til þeirra eru gerðar. Starfsemi skóla þarf líka að vera sveigjanleg svo hægara sé að sinna nýjungum í skóla-starfi.

Meginmarkmið framhaldsskóla eru skilgreind í námskrá en þau eru síðan útfærð nánar í skólanámskrám einstakra skóla.

Við lok náms í framhaldsskóla er stefnt að því að nemendur:

- hafi fengið alhliða menntun sem er við hæfi hvers og eins
- séu undir það búnir að fara í áframhaldandi nám og/eða starf í þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun
- geri sér ljóst að námi lýkur ekki við lok skólagöngu heldur er nauðsynlegt að halda áfram að afla sér nýrrar þekkingar og reynslu
- hafi fengið góða þekkingu á íslensku samfélagi
- kunni skil á réttindum og skyldum einstaklings í lýðræðisþjóðfélagi
- hafi tamið sér sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum, ábyrgð á eigin námi, öðlast sjálfstraust og lært að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- hafi ræktað með sér gagnrýna hugsun, dómgreind og umburðarlyndi
- séu færir um að tjá skoðanir sínar, taka ákvarðanir og séu óhræddir við breytingar í námi og starfi.

Markmið þessi snerta allar námsgreinar framhaldsskóla og starfsemi þeirra. Námsgreininni lífsleikni er ætlað að vinna sérstaklega að ofangreindum markmiðum en ljóst er að þeim verða ekki gerð skil einungis í einni námsgrein.

Í skólanámskrá skal koma fram hvernig unnið er að því að ná þessum markmiðum.

Skólum ber að gæta jafnréttis nemenda til náms og þjótta þeim nám og kennslu við hæfi. Mikilvægt er að bæði piltum og stúlkum séu kynnt störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf. Skólum ber einnig að gefa nemendum tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Þau þurfa að höfða jafnt til pilta og stúlkna án tillits til uppruna, í dreifbýli eða þéttbýli, fatlaðra sem ófatlaðra.

Skólar skulu leitast við að gera fötluðum nemendum, langveikum og þeim sem eiga við námsörðugleika að etja, kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem tök eru á. Einnig skal boðið upp á nám fyrir fatlaða á sérstökum námsbrautum.

Skólar skulu leitast við að koma til móts við þarfir nemenda af

erlendum uppruna með öflugri íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og menningu svo og annarri aðstoð eftir mætti.

Miklu máli skiptir að allir nemendur fái tækifæri til að leggja stund á nám sem vakið getur áhuga þeirra og tekur mið af getu þeirra og framtíðaráformum. Skólar skulu leitast við að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi með skýrum námskröfum, fjölbreyttu námsframboði, upplýsingamiðlun, ráðgjöf, góðri leiðsögn og samstarfi við forráðamenn eftir því sem kostur er.

Skólar skulu kappkosta að vekja áhuga nemenda á námi en gera þá ekki að óvirkum þiggjendum. Kennsluhættir þurfa því að vera fjölbreyttir, mótast af sveigjanleika og vera í samræmi við þá skólafélagi sem skólar leitast við að framfylgja.

Skólum ber að marka sér stefnu í forvörnum og stuðla að þeim með markvissum hætti. Hér er átt við þætti svo sem vanlíðan, einelti, ofbeldi, varnir gegn sjálfsvígum og notkun vímuefna. Lögð skal áhersla á að nemendur temji sér jákvætt viðhorf, ábyrgð, umhyggju, heilbriggt lífni, gagnrýna hugsun, sjálfsvirðingu og virðingu gagnvart öðrum. Mikilvægt er að nemendur geti sett sig í spor annarra og hafi öðlast kjark til að velja og hafna.

Fjarkennsla skapar auknar forsendur fyrir samstarfi skóla, rýfur einangrun þeirra og gefur kost á sveigjanleika í námi og kennslu. Fjarkennsla eykur möguleika skóla á að bjóða upp á sérhæfða námsáfangu og gerir nemendum kleift að nýta sér þekkingu víða að á markvissan hátt.

Samvinna skóla gerir þeim mögulegt að nýta það besta sem hver skóli hefur upp á að bjóða og stuðlar að hagkvæmu námsframboði á viðkomandi svæði. Nemendur í einum skóla geta þá stundað nám í áfangu í öðrum skóla ef sá er ekki í boði í skóla þeirra.

Upplýsingatækni hefur skapað nýjar forsendur fyrir öflun og miðlun þekkingar. Skólar skulu stefna að því að gera upplýsingatækni að verkfæri í öllum námsgreinum og leita árangursríkra leiða til þess að hún nýtist nemendum í námi.

Hugtakið símenntun felur það í sér að menntun sé ævistarf og mikilvægt er að skólar geri nemendum það ljóst. Símenntun er ein af forsendum þess að einstaklingur geti tekið þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun.

Sjálfræðisaldur nemenda er 18 ár. Mikilvægt er að gagnkvæmt upplýsingastreymi og samstarf sé á milli foreldra eða forráðamanna nem-

enda sem yngri eru en 18 ára og að foreldrar og forráðamenn fái sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið og námsgengi barna sinna. Skólar skulu einnig leitast við að upplýsa forráðamenn eldri nemenda um starfsemi sína.

Skilgreint hefur verið viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir nemendur sem ljúka starfsnámi og hafa þeir því möguleika á að afla sér undirbúnings til náms á háskólastigi án þess að ljúka stúdentsprófi af bóknaúmsbrautum. Með þessu móti hefur verið komið á meira jafnræði með bóknaúmi og starfsnámi á framhaldsskólastigi að því er varðar möguleika til áframhaldandi náms. Mikilvægt er að skólar leitist við að þróa þessar námsleiðir í samvinnu við aðila á vinnumarkaði og skóla á háskólastigi.

## 4 UPPBYGGING NÁMS - NÁMSLEIÐIR

### 4.1 Forsendur

Námsbrautir framhaldsskóla eru ólíkar að inntaki og lengd enda segir í lögum um framhaldsskóla að innihald og uppbygging náms skuli miðast við lokamarkmið viðkomandi námsbrautar. Lengd námsbrauta getur þannig verið frá einni önn upp í átta annir og áherslur bæði fræðilegar og hagnýtar, allt eftir markmiðum námsins.

Nemendur sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað varðar undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu. Námsskipulag framhaldsskóla miðast m.a. við þessar ólíku þarfir og því skal leitast við að tryggja að hver einstaklingur finni nám við hæfi og að hann geti ráðið námshraða sínum að svo miklu leyti sem við verður komið.

Stefnt er að því að undirbúningur nemenda til áframhaldandi náms verði sem bestur. Með því að auka hlut kjörsviðs og valgreina á bóknaúmsbrautum og með því að minnka hlut almennra bóklegra greina á starfsnámsbrautum verður sérnám hærra hlutfall af námi til lokaprófs. Nemendur hljóta haldgóða menntun í íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum og læra að nýta upplýsingatækni í öllum greinum.

Þekking og reynsla sem aflað hefur verið utan hins hefðbundna menntakerfis verður í auknum mæli metin jafngild námi á framhaldsskólastigi. Verið er að þróa aðferðir til að greina og meta óformlegt nám í þeim tilgangi að opna fleirum leið til náms á framhaldsskólastigi.

Settar verða reglur þar að lútandi er taka til námskeiða, starfsreynslu og almennrar reynslu af vettvangi heimilis og frítíma.

#### 4.2 Námsskipan

Fyrirkomulag náms og kennslu á framhaldsskólastigi getur verið breytilegt eftir skólum. Flestir starfa eftir áfangakerfi en aðrir eftir bekkjarkerfi. Allir skólar starfa þó samkvæmt sömu námskrá, aðalnámskrá framhaldsskóla. Námið er skipulagt eftir námsbrautum og í brautarlýsingu er kveðið á um markmið og inntak námsins.

Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi mynda þeir nemendur sem leggja stund á sama áfanga námshóp eða hópa, en í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi er hverjum árgangi skipt í bekki og leggja allir nemendur sama bekkjar stund á sama nám í öllum greinum að kjörsviðs- og valgreinum undanskildum.

Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn og vorönn, og eru þær um það bil jafnlangar. Í skólum, sem starfa eftir áfangakerfi, er hægt að hefja nám og ljúka námi á hvorri önninni sem er. Skólar sem starfa eftir áfangakerfi skipuleggja starfið til einnar annar í senn en bekkjarskólar til eins árs í senn.

#### 4.3 Áfangalýsingar

Í greinanámskrám er námsefni skipt upp í áfanga þannig að hver áfangi henti til kennslu í eina önn og fá nemendur tiltekinn fjölda eininga fyrir hvern áfanga sem þeir ljúka með fullnægjandi árangri. Áfangar eru merktir eftir ákveðnu kerfi með þremur bókstöfum sem tákna námsgrein og þriggja stafa tölu. Fyrsta talan segir til um hvar í röðinni áfangi er innan námsgreinar, önnur talan greinir að áfanga með sama undanfara og þriðja talan tilgreinir einingafjölda áfangans.

Hver námsáfangi er sjálfstæð heild. Skólum er þó heimilt að skipuleggja námið í heildstæðum viðfangsefnum þvert á áfanga, skipta efni tiltekinna áfanga í smærri námsþætti eða fella námsþætti saman í stærri heildir. Þess skal þó ávallt gætt að lokamarkmiðum námsins og markmiðum einstakra áfanga sé til skila haldið og að heiti og númer áfanga séu rétt tilgreind á prófskírteinum nemenda.

Nauðsynlegt er að tilgreina undanfara áfanga sé hans krafist.

Skólum er heimilt að búa til áfangalýsingar til viðbótar þeim sem skilgreindar eru í námskrá. Hér getur verið um að ræða:

- áfanga sem bætast við áfangakeðjur sem skilgreindar eru í námskrá, sem kemur til þegar skóli kýs að bjóða fram meira nám í grein en tilgreint er í námskrá
- áfanga sem skóli býður fram í frjálsum vali
- áfanga sem ætlaðir eru til kennslu á almennri námsbraut.

Við gerð þessara áfangalýsinga er skólum bent á að hafa uppsetningu í greinanámskrám til hliðsjónar. Merking áfanganna skal vera með venjubundnum hætti en þó skulu þeir auðkenndir nánar sem hér greinir:

- viðbót við áfangakeðju. Miðtölustafur skal vera 8, dæmi: STÆ 883
- áfangi boðinn fram í frjálsum vali. Miðtölustafur skal vera 7, dæmi: KÍN 173
- áfangi á almennri námsbraut. Miðtölustafur skal vera 9, dæmi: ÍSL 192

## 4.4 Námsbrautir

### 4.4.1 Bóknám til stúdentsprófs

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs eru þrjár og skiptist námið í kjarna, kjörsvið og frjálst val. Nám í kjarna er að hluta sameiginlegt fyrir brautirnar þrjár og í flestum tilvikum er aðeins skilgreind ein útgáfa af hverjum áfanga í námskránni. Þó eru skilgreindir sérstakir áfangar í stærðfræði fyrir málabraut og félagsfræðabraut og geta skólar því boðið nemendum á þessum brautum kennslu í samræmi við lokamarkmið náms á viðkomandi braut ef þeir kjósa svo og hafa aðstöðu til þess. Að öðru leyti er það ákvörðun einstakra skóla hvort áherslur í kennslu verða að einhverju leyti breytilegar eftir brautum.

## Skipulag kjarna á bóknámsbrautum er sem hér greinir:

Námsgrein	Málabraut	Náttúrufræðibraut	Félagsfræðibraut
Íslenska	15	15	15
Stærðfræði	6	15	6
Danska/norska/sænska	9	6	6
Enska	15	9	15
Þriðja mál	15	12	12
Fjórdá mál	9		
Félagsfræði	3	3	6
Landfræði			3
Saga	6	6	9
Samfélagsgreinar skv. ákvörðun skóla			6
Náttúruvísindi	9	9	9
Eðlisfræði		3	
Efnafræði		3	
Jarðfræði		3	
Líffræði		3	
Íþróttir	8	8	8
Lífsleikni	3	3	3
<b>Samtals</b>	<b>98</b>	<b>98</b>	<b>98</b>

Nám á kjörsviði nemur samtals 30 einingum. Kjörsviðið felur í sér sérhæfingu á viðkomandi námssviði í samræmi við lokamarkmið brautarinnar. Fyrir hverja braut eru skilgreindar nokkrar námsgreinar sem nemandinn getur valið. Nemandinn velur a.m.k. þrjár greinar á viðkomandi kjörsviði og teljast þær vera kjörsviðsgreinar nemandans. Hann getur þannig bætt við sig námi í grein/greinum sem hann hefur tekið í kjarna eða tekið nýja grein eða greinar. Samanlagt nám í kjörsviðsgrein í brautarkjarna og á kjörsviði má þó aldrei vera minna en 9 ein. í hverri grein. Skólameistari getur vikið frá þessari reglu þegar um skyldar námsgreinar er að ræða.



Auk þessa getur nemandi tekið allt að 12 ein. nám á kjörsviðum annarra bóknámsbrauta en þeirrar sem hann stundar nám á. Þannig getur nemandi á náttúrufræðibraut t.d. tekið allt að 12 ein. á kjörsviði mála- brautar eða kjörsviði félagsfræðabrautar. Einnig getur nemandi sem stundar nám á bóknámsbraut tekið allt að 12 ein. af sérgreinum tiltek- innar starfsnámsbrautar eða listnámsbrautar sem hluta af kjörsviði sínu. Reglan um 9 ein. lágmark í grein gildir einnig í þessu tilviki.

Skólar geta skipulagt kjörsvið að eigin vild innan þess ramma sem hér er tilgreindur og þeim er ekki skylt að bjóða fram allar greinar sem taldar eru á hverju kjörsviði. Í þessu felst að skóli getur ákveðið kjör- sviðsgreinar og fjölda áfanga í hverri grein.

### Kjörsviðsgreinar námsbrauta eru þessar:

Málabraut	Náttúrufræðibraut	Félagsfræðibraut
Danska/norska/sænska	Eðlisfræði	Félagsfræði
Enska	Efnafræði	Fjölmíðlafræði
Franska	Jarðfræði	Heimspeki
Íslenska	Landafræði	Íslenska
Latína	Lífeðlisfræði	Landafræði
Spænska	Líffræði	Saga
Stærðfræði	Næringarfræði	Sálarfræði
Þýska	Stærðfræði	Stærðfræði
Tungumál skv. vali skóla	Tölvufræði	Uppeldisfræði
		Viðskiptagreinar

Nemandi sem lokið hefur skilgreindu starfsnámi, t.d. grunnnámi eða lengra starfsnámi, með fullnægjandi árangri og óskar að innritast á bóknámsbraut getur fengið sérgreinar starfsnámsins metnar til allt að 12 ein. á kjörsviði brautarinnar auk þess sem hann getur nýtt sér frjálsa valið í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 24 ein. metnar á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs.

Sama gildir um nemanda sem hefur lokið viðurkenndu listnámi með fullnægjandi árangri við sérskóla.

Nám í frjálsum vali nemur alls 12 einingum. Frjálst val gefur nemanda möguleika á að kynna sér greinar sem ekki tilheyra því námssviði sem hann hefur valið sér. Einnig getur nemandi notað frjálsum valið til að bæta við kjörsvið sitt. Þjóði viðkomandi skóli ekki upp á þær greinar sem nemandi óskar sérstaklega að taka er sá möguleiki fyrir hendi að taka þær við annan skóla, t.d. í fjarnámi.

Stúdentsprófið tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi. Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf. Það er því mikilvægt að nemendur sem stefna að inngöngu í tiltekinn skóla á háskólastigi afli sér upplýsinga um þær kröfur sem viðkomandi skóli gerir um undirbúning.

#### 4.4.2 Viðbótarnám til stúdentsprófs

Nemendur sem ljúka skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi. Slíku námi lýkur með stúdentsprófi sem er samræmt í tilteknum greinum.

Til þess að fá starfsnám auk viðbótarnáms viðurkennt til stúdentsprófs skal heildarnám nemenda verða eins og tilgreint er hér á eftir.

Viðbótarnámið geta nemendur

- a. skipulagt sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi, eða
- b. lokið námi í eftirtöldum greinum þannig að heildarnám þeirra verði eins og hér segir:

##### b.1. Þriggja til fjögurra ára starfsnám

Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu. Ráðherra getur heimilað frávik frá þessari reglu ef rökstuddar ástæður eru fyrir hendi. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	12 ein.
stærðfræði	6 ein.

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar, þ. m. t. áfangar í þessum greinum sem færðir eru undir sérnám á starfsnámsbrautum.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í  
 tungumálum **eða**  
 náttúrufræðigreinum og stærðfræði **eða**  
 samfélagsgreinum 12 ein.

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka I.

### ***b.2. Tveggja til þriggja ára starfsnám***

Nemendur skulu hafa lokið námi í skóla með fullnægjandi árangri og einnig áskilinni starfsþjálfun að fullu þegar um það er að ræða. Ráðherra getur heimilað frávik frá þessari reglu ef rökstuddar ástæður eru fyrir hendi. Ekki er gerð krafa um að nemendur í löggiltum iðngreinum hafi lokið sveinsprófi. Auk þess skulu nemendur hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum þannig að heildarnám í einstökum greinum verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 ein.
enska	15 ein.
saga	6 ein.
náttúruvísindi	9 ein.
stærðfræði	6 ein.
íþróttir	8 ein.

Fyrra nám nemenda í ofantöldum greinum kemur til frádráttar, þ. m. t. áfangar í þessum greinum sem færðir eru undir sérnám á starfsnámsbrautum.

Einnig skulu nemendur bæta við sig námi í  
 3ja máli **eða** stærðfræði 12 ein.  
**og** samfélagsgreinum **eða** náttúrufræðigreinum  
**eða** íþróttagreinum 15 ein

samkvæmt eigin vali. Fyrra nám í þeim námsgreinum sem hér um ræðir kemur ekki til frádráttar. Miða skal við að nám í grein verði ekki minna en 9 ein. samtals. Saga og stærðfræði eru þó undanskildar frá 9 ein. reglunni. Starfsgreinar sem falla undir þessa málsgrein eru taldar upp í viðauka II.

### ***b.3. Starfsnám sem tekur skemmri tíma en tvö ár***

Nemendur sem ljúka skilgreindu námi í þessum flokki með fullnægjandi árangri og óska að halda áfram námi á annarri námsbraut geta fengið nám sitt metið með þessum hætti:

- Nám sem nemendur hafa lokið í almennum greinum kemur í öllum tilvikum til frádráttar námi í sömu greinum á þeirri braut sem nemendur innritast á.
- Ef nemendur innritast á bóknámsbraut er viðkomandi skóla heimilt að meta sérnám þeirra til allt að 12 eininga á kjörsviði viðkomandi námsbrautar og til allt að 12 eininga í frjálsum vali. Starfsnám sem fellur undir þessa málsgrein og skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla er talið upp í viðauka III.
- Framhaldsskólum er einnig heimilt að meta annað starfsnám samkvæmt þessari málsgrein en það sem talið er upp í viðaukanum, enda hafi námið skýrt skilgreind markmið og inntak og sé formlega viðurkennt af samtökum eða fyrirtækjum.
- Innritist nemendur hins vegar á aðrar brautir þarf að meta í hverju einstöku tilviki hvort unnt er meta sérnámið eða hluta þess sem hluta af því námi sem nemendur ætla að leggja stund á. Slíkt mat fer fram á vegum viðkomandi framhaldsskóla.

### ***b.4. Listnámsbraut***

Nemendur sem ljúka námi af listnámsbraut skulu bæta við sig námi samkvæmt því sem segir í lið a. eða lið b.1 hér að framan.

#### **4.4.3 Listnám**

Listnámsbraut er skilgreind sem þriggja ára námsbraut og veitir hún m.a. undirbúning til frekara náms í listgreinum í sérskólum eða skólum á háskólastigi. Unnt er að velja um fjórar listgreinar, þ.e. dans, hönnun, myndlist og tónlist. Á sviði hönnunar eru skilgreind kjörsviðin margmiðlunarhönnun, almenn hönnun og listhönnun. Í síðastnefnda tilvikinu er um að ræða textilhönnun.

**Skipulag kjarna á listnámsbraut er sem hér greinir:**

Námsgrein	Einingafjöldi
Íslenska	9
Stærðfræði	3
Danska/norska/sænska	6
Enska	6
Félagsfræði	3
Saga	3
Náttúruvísindi	3
Listgreinar	9
Íþróttir	6
Lífsleikni	3
<b>Samtals</b>	<b>51</b>

Nám á kjörsviði nemur 45 einingum og geta nemendur valið milli ólíkra listgreina, sbr. það sem áður er sagt. Námið fer annaðhvort fram í viðkomandi framhaldsskóla eða listaskóla sem starfar eftir námskrá sem menntamálaráðuneytið samþykkir. Nemendur sem þess óska geta bætt við sig námi í bóklegum greinum og aflað sér almennra réttinda til náms á háskólastigi, sbr. það sem segir í kaflanum um viðbótarnám til stúdentsprófs.

Nám í frjálsum vali er samtals 9 einingar. Um þetta nám gildir það sama og áður er sagt um frjálst val á bóknámsbrautum.

#### 4.4.4 Starfsnám

Starfsnám er mjög fjölbreytt og ræðst umfang, inntak og skipulag af lokamarkmiðum námsins. Meðalnámstími á starfsnámsbrautum er að jafnaði ekki lengri en fjögur ár en getur farið allt niður í eina önn. Námið er verklegt og bóklegt og fer yfirleitt fram í skóla og á vinnustað.

Lög um framhaldsskóla gera ráð fyrir að námsbrautir skiptist í brautar-  
kjarna, kjörsvið og frjálst val. Hins vegar er um það löng hefð að starfs-  
námsbrautir skiptist í almennt bóknám og sérnám og er miðað við þá  
skiptingu í námskrám starfsnáms. Misjafnt er eftir námsbrautum hvernig  
sérnámið skiptist á milli skólanáms og vinnustaðanáms. Í töflunni hér  
að neðan er birt yfirlit yfir nám í almennum bóklegum greinum á  
starfsnámsbrautum, skipt eftir lengd náms í skóla. Hér er eingöngu  
um að ræða þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum í við-  
komandi flokki. Sem dæmi má nefna tvær námsbrautir þar sem meðal-  
námstími er fjögur ár. Námið á annarri brautinni er skipulagt sem  
þriggja anna skólanám, samtals 60 einingar (þar af 12 ein. í almennum  
greinum og 48 ein. í sérgreinum) og allt að 120 vikna vinnustaðanám  
í viðurkenndu fyrirtæki. Námið á hinni brautinni er skipulagt sem 7  
anna skólanám, samtals 140 ein. (þar af 26 ein. í almennum greinum  
og 114 ein. í sérgreinum) og allt að 24 vikna vinnustaðanám.

**Uppbygging náms á starfsnámsbrautum er í grófum dráttum sem  
hér greinir:**

Starfsnám, ein námsönn í skóla	Starfsnám, tvær til þrjár námsannir í skóla	Starfsnám, fjórar til sjö námsannir í skóla
<i>Almennar greinar: 6 ein.</i> Íslenska ÍSL 102 Stærðfræði STÆ 2 ein. Lífsleikni LKN 101 Íþróttir ÍþR 1 ein.	<i>Almennar greinar: 11-12 ein.</i> Íslenska ÍSL 102 Stærðfræði STÆ 2 ein. Lífsleikni LKN 103 Erlend mál 2 ein. Íþróttir ÍþR 2-3 ein.	<i>Almennar greinar: 23-26 ein.</i> Íslenska ÍSL 102, 202 Stærðfræði STÆ 102 + 2 ein. Lífsleikni LKN 103 Erlend mál ENS 102, DAN 102 + 4 ein. Íþróttir ÍþR 4-7 ein.
<i>Sérgreinar: allt að 14 ein.</i>	<i>Sérgreinar: allt að 48 ein.</i>	<i>Sérgreinar: allt að 114 ein.</i>
<i>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</i>	<i>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</i>	<i>Vinnustaðanám misjafnt eftir brautum</i>

Þar sem aðeins er talað um erlend mál í töflunni og ekki tekið fram hvort um er að ræða dönsku eða ensku er miðað við þá meginreglu að nemendur geti valið hvort tungumálið þeir taka. Í sumu starfsnámi er þó talið heppilegra m.t.t. áframhaldandi náms eða starfs, að nemendur leggi stund á annaðhvort tungumálið. Þegar um slíkt er að ræða er þess getið í viðkomandi brautarlýsingu auk þess sem það skal tekið fram í skólanámskrá viðkomandi skóla.

Áhersla er lögð á að starfsnám sé þrepaskipt ef því verður komið við og að nemendur geti fengið skírteini sem vottar stöðu þeirra að loknu hverju þrepi. Grunn nám byggist á námsþáttum sem eru sameiginlegir fleiri en einni námsbraut á viðkomandi starfssviði. Grunn nám getur verið frá einni upp í fjórar annir í skóla. Markmið grunnnáms er að veita nemendum innsýn í tiltekin störf og gefa þeim kost á að afla sér grundvallarfærni og þekkingar á viðkomandi sviði. Að loknu grunnnámi hefja nemendur sérnám sem leiðir til ákveðinnar sérhæfingar og hefur að lokamarkmiði að búa nemendur undir að vinna sem fullnuma starfsmenn.

Í framhaldsskóla afla nemendur sér breiðrar og alhliða færni og þekkingar á því sviði sem þeir stunda nám, en menntunin er ekki sér-sniðin að þörfum einstakra fyrirtækja á umræddu sviði. Þvert á móti er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér það viðhorf að menntun er ævistarf og að nauðsynlegt sé að halda við þekkingu sinni og færni með endurmenntun að loknu námi í framhaldsskóla.

Í grófum dráttum má skipta starfsnámi í tvo flokka. Í fyrsta lagi er nám sem leiðir til lögverndaðra starfsréttinda. Þetta gildir t.d. um nám á heilbrigðissviði og iðnnám. Í öðru lagi er um að ræða nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa án þess að um sé að ræða lögvernduð starfsréttindi.

### Nám í löggiltum iðngreinum

Nám í löggiltum iðngreinum fer ýmist fram innan meistarakerfis eða verknámskerfis (nám í skóla). Í fyrra tilvikinu hefja nemendur nám sitt í fyrirtæki eða hjá meistara og eru mestan hluta námstímans í starfsþjálfun í atvinnulífinu en ljúka bóklegum hluta námsins í skóla samkvæmt gildandi námskrá. Í síðara tilvikinu innritast nemendur í skóla og leggja þar stund á grunn- og sérnám en síðan tekur vinnustaðanámið við. Nemendur sem stunda nám í meistarakerfi þurfa sjálfir að

verða sér úti um námssamning hjá meistara. Á sama hátt bera nemendur sem ljúka námi í verknámskerfi sjálfir ábyrgð á því að útvega sér starfsþjálfunarpláss.

### **Annað starfsnám**

Þeir sem óska að leggja stund á annað starfsnám innritast í skóla þar sem viðkomandi nám er í boði. Námið fer að mestum hluta fram í skólanum en auk þess er starfsþjálfun á vinnustað oftast hluti námsins. Nemendur geta innritast í sumt starfsnám strax að loknu námi í grunnskóla en í öðrum tilvikum þurfa þeir að ljúka tilteknu almennu námi í framhaldsskóla áður en þeir geta innritast í viðkomandi starfsnám. Nánari upplýsingar er að finna í námskrá fyrir námið.

### **Starfsþjálfun á vinnustað**

Markmið starfsþjálfunar á vinnustað er að gera nemendum kleift að afla sér frekari færni í þeim vinnubrögðum sem kennd eru í skóla og að læra nýja tækni og aðferðir. Á vinnustað læra nemendur að vinna undir stjórn annarra og að ná markmiðum um afköst, vörugæði og hagkvæmni í framleiðslu. Þeir þjálfast í mannlegum samskiptum á vinnustað, sjálfstæðum vinnubrögðum, að taka eigin ákvarðanir og að laga sig að starfshefðum og vinnutakti viðkomandi vinnustaðar. Starfsþjálfun í fyrirtækjum hefur þann kost, umfram nám í skóla, að þjálfar nemendur við aðstæður sem eru um margt sambærilegar þeim sem taka við að loknu námi.

Námskrám starfsnáms fylgja lýsingar á vinnustaðanámi þar sem gerð er grein fyrir æskilegu skipulagi, markmiðum námsins, taldir upp verkþættir sem námið nær til, hvert eftirlit er með framkvæmd þess og hvaða skilyrði fyrirtæki eða stofnanir þurfa að uppfylla til þess að fá að hafa nemendur í starfsþjálfun. Hverjum nemanda fylgir ferillbók sem hefur þann tilgang að veita stuðning og aðhald í náminu.<sup>1)</sup>

Sérstakur námssamningur er gerður um alla starfsþjálfun í atvinnulífínu.

1) Lýsingar fyrir vinnustaðanám eru aðeins til í sumum greinum og eru í vinnslu fyrir aðrar greinar.



#### 4.4.5 Almenn námsbraut

Hver skóli skipuleggur nám á almennri námsbraut og skilgreinir í skólanámskrá. Ekki eru skilgreind inntökuskilyrði á brautina en mikilvægt er að nemendum standi til boða öflug náms- og starfsráðgjöf.

Nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám í framhaldsskóla og nemendur sem lokið hafa grunnskólaprófi en uppfylla ekki skilyrði til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólans geta innritast á almenna námsbraut.

Markmið námsins er að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að gefa nemendum tækifæri til að glíma við önnur viðfangsefni í námi, að hluta til að eigin vali.

Námið getur tekið eitt til tvö ár og miðast við þarfir einstakra nemenda og möguleika viðkomandi skóla til að koma til móts við þær. Skólameistari ber ábyrgð á innritun í námið svo og hvernig brautskráningu er háttað.

Nemendur geta innritast á almenna námsbraut með mismunandi þarfir í huga. Suma þeirra vantar ef til vill aðeins herslumun í kjarnagreinum til þess að geta haldið áfram námi á öðrum brautum innan skólans en aðrir þurfa að bæta verulega við sig eftir nám í grunnskóla til þess að geta haldið áfram námi. Mikilvægt er að veita nemendum leiðsögn og aðstoð og hvetja þá til að velja sér viðfangsefni sem þeir ráða við og höfða til þeirra. Því er nauðsynlegt að nemendum standi til boða val að einhverju marki í öðru en hefðbundnum bóknámsgreinum. Með þeim hætti má ef til vill fremur virkja áhuga þeirra á áframhaldandi námi.

#### 4.4.6 Nám í sérdeild

Fatlaðir nemendur skulu stunda nám með öðrum nemendum skóla eftir því sem aðstæður leyfa.

Nemendur sem ekki hafa tök á að stunda nám á skilgreindum námsbrautum framhaldsskóla eða á almennri námsbraut geta innritast í sérdeild. Þess skal gætt að þeir einangrist ekki heldur skal leitast við að tryggja eðlilegan samgang milli allra nemenda. Nemendum í sérdeildum stendur til boða tveggja til fjögurra ára nám.

Kennsla nemenda í sérdeild byggist á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling. Námsáætlunin skal byggð á námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni.

## 5 INNTÖKUSKILYRÐI

Inntökuskilyrði fela í sér að nemendur þurfa að hafa náð lágmarksárangri í tilteknum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna námsbraut. Inntökuskilyrði miðast við námsárangur á samræmdum prófum og skólaprófum. Við mat á umsóknum er reiknuð viðmiðunareinkunn sem er meðaltal einkunnar á samræmdu prófi og skólaeinkunnar. Miðað við framangreindar forsendur hafa verið settar reglur um inntöku nemenda í framhaldsskóla og fara helstu ákvæði þeirra hér á eftir. Sjá einnig reglugerð nr. 98/2000 um innritun nemenda í framhaldsskóla.

- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.
- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki eftirfarandi skilyrði um innritun á einstakar brautir eiga kost á að hefja nám í sérdeild eða á almennri námsbraut. Á almennri námsbraut geta nemendur m.a. valið nám sem gerir þeim kleift að bæta fyrri námsárangur í bóklegum greinum og aflað sér þannig undirbúnings til náms á öðrum brautum.
- Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, þ.m.t. samræmdum prófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærri viðmiðunareinkunn í þessum greinum, geta innritast á skilgreindar brautir framhaldsskóla svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum.
- Til að hefja nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla þurfa nemendur að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum. Þessar greinar eru:
  - **málbraut:** íslenska, enska, danska og stærðfræði
  - **náttúrufræðibraut:** íslenska, stærðfræði, náttúrufræði og enska
  - **félagsfræðabraut:** íslenska, enska, samfélagsgreinar og stærðfræði
- Til að hefja nám á listnámsbraut þurfa nemendur að hafa fengið ákveðna viðmiðunareinkunn í íslensku og stærðfræði ásamt því að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða sýnt með öðrum hætti að námið henti þeim.
- Skólameistari getur heimilað nemendum, sem uppfylla ekki inntökuskilyrði brautar, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um náms-

árangur á brautinni, enda hafi nemendum sem uppfylla inntökuskilyrðin ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemendum sem orðnir eru 18 ára inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

Vilji nemendur tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þurfa þeir að ná viðmiðunareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla.

## 6 SKÓLANÁMSKRÁ

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla er hverjum skóla skylt að gefa út skólanámskrá og uppfæra hana reglulega. Skólanámskrá er unnin af starfsmönnum skólans undir stjórn skólameistara. Hún er í senn stefnuskrá og starfsáætlun skóla og er bindandi fyrir starfsmenn hans. Skólanámskrá á að lýsa starfi viðkomandi skóla, sérkennum hans og sérstöðu. Þar skal gerð grein fyrir námsframboði, lengd og inntaki námsbrauta og skiptingu námsgreina á námsannir eða námsár.

Í skólanámskrá útfærir skóli nánar ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir verklagsreglur skólans. Í skólanámskrá skulu einnig birtar samskipta- og siðareglur skóla; þar á meðal annars að birta reglur um samskipti starfsmanna við aðila utan hans. Einnig skulu vera í skólanámskrá almenn ákvæði um það hvernig tekið skuli á málum sem upp koma.

### 6.1 Inntak skólanámskrár

Í skólanámskrá skal skóli gera grein fyrir því með hvaða hætti hann hyggist gegna hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla, m.a. hvernig hann ætli að „stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“, sbr. einnig 2. kafla hér að framan. Þar skal einnig gerð grein fyrir áherslum í starfi skólans, kennsluháttum, námsmati og stjórnunarháttum, náms- og starfsráðgjöf, svo og gæðastjórnun.

Í skólanámskrá skulu settar fram meginhugmyndir og viðmið við val kennslu- og námsmatsaðferða og skipulagshátta, val námsefnis o.fl.

Auk þess sem tekið er mið af lögum og reglugerðum um framhaldsskóla, skulu önnur lög, reglugerðir og reglur hafðar til hliðsjónar við gerð skólanámskrár eftir því sem efni standa til og nauðsyn krefur, meðal annars um jafnan rétt allra til náms.

Í skólanámskrá skal m.a. gerð grein fyrir :

- stefnu skólans, framtíðarsýn og sérstöðu/sérstökum áherslum, t.d. með hliðsjón af staðháttum í nánasta umhverfi skólans eða þjónustu við tiltekna markhópa
- kennslufræðilegri stefnu skólans, skipulagi kennslu og kennsluaðferðum og stuðningi við nemendur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda
- starfsáætlun skólans, m.a. árlegum starfstíma og skóladagatali
- námsframboði skólans og námsbrautum sem í boði eru
- útfærslu á markmiðum og inntakspáttum aðalnámskrár á einstökum námsbrautum
- tilhögun námsmats, reglum sem um það kunna að gilda, hvers konar vitnisburður er gefinn og á hvaða grunni hann byggist
- skólareglum, byggðum á aðalnámskrá framhaldsskóla sem m.a. skulu kveða á um réttindi og skyldur skóla og nemenda og reglur um skólasókn. Einnig skal kveðið á um umgengni, samskipti og hegðun nemenda í skóla, á samkomum á vegum skóla og á heimavist. Þá skal veita upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum
- þjónustu við langveika nemendur
- sérstökum viðfangsefnum, svo sem áfengis- og vímuevörnum
- áherslum skólans í umhverfismennt
- stefnu skólans í jafnréttismálum og hvernig hún birtist í daglegu starfi hans, greinabundinni kennslu og almennri jafnréttisfræðslu
- aðbúnaði, aðstöðu og almennri þjónustu við nemendur
- tilhögun félagsstarfs á vegum skólans
- tilhögun heilsugæslu
- starfsliði skólans, menntun þess og starfsreynslu
- samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögræðisaldri
- samskiptum við aðra skóla héraðs og erlendis eftir því sem við á
- samstarfi við aðila á vinnumarkaði eftir því sem við á.

Skólar skulu leitast við að koma upplýsingum um nám og skólastarf á framfæri með aðgengilegum hætti, t.d. með birtingu upplýsinga á heimasíðu.

## 7 UM RÉTTINDI OG SKYLDUR SKÓLA OG NEMENDA

### 7.1 Innritun nemenda og þjónusta

Nemandi og forráðamaður hans undirrita umsókn um skólavist ef nemandi er yngri en 18 ára. Eldri nemendur undirrita umsóknir sínar einir. Undirritun umsóknar er staðfesting þess að nemandinn hafi kynnt sér námsfyrirkomulag skólans og muni virða reglur hans um hegðun, ástundun og skólasókn. Skólinn tilkynnir nemandanum eins fljótt og verða má hvort hann fær skólavist eða ekki. Fáir nemandi jákvætt svar er greiðsla innritunargjalds endanleg staðfesting á því að hann muni þiggja skólavist og hlíta reglum skólans.

Þjónusta, sem nemendum stendur til boða, auk kennslu, án sérstaks endurgjalds er eftirfarandi: a) aðgangur að bókasafni og þjónustu bókasafns- og upplýsingafræðinga, b) þjónusta námsráðgjafa, c) aðstoð og þjónusta umsjónarkennara, d) skólanámskrá og kennsluáætlanir, stundatafla, fjarvistayfirlit og námsferill, e) aðgangur að lesstofu og tölvuveri.

Fatlaðir nemendur eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi. Stuðninginn geta sérhæfðir starfsmenn veitt eða aðstoðarfólk en hann getur líka verið í formi tækjabúnaðar.

### 7.2 Skólasókn

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Í skólanámskrám einstakra skóla skal gerð nánari grein fyrir reglum um skólasókn. Þar skal m.a. koma fram hvernig fjarvistir nemenda vegna veikinda og annarra óhjákvæmilegra forfalla eru meðhöndlaðar. Sömu leiðis skal gerð grein fyrir viðurlögum við brotum á skólasóknarreglum.

Fjarvera vegna staðfesta veikinda og/eða læknismeðferðar nemenda útilokar þá ekki frá því að gangast undir próf í lok námsannar eða skólaárs. Leitast skal við að finna viðunandi leið að námslokum fyrir langveika nemendur.

Skólum er heimilt að meta skólasókn nemenda til einkunnar og/eða námseininga eftir frekari reglum er yfirstjórn skóla setur. Einingar sem samkvæmt þessu verða gefnar fyrir góða skólasókn má taka af frjálsum vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

Við setningu reglna um þetta efni skal taka sérstakt tillit til langveikra nemenda og nemenda sem eru tímabundið fjarverandi frá skóla vegna veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Skólum er heimilt að meta til eininga umfangsmikil störf á vegum nemendafélags, svo sem formennsku í félaginu og setu í stjórn þess, formennsku í félögum eða klúbbum sem starfa á vegum nemendafélags, ritstjórn skólablaðs, þátttöku í keppni á borð við keppnina „Gettu betur“ svo og annað framlag til skólastarfsins af líkum toga sem talið er vert sérstakrar viðurkenningar með námseiningum. Einingar sem gefnar eru samkvæmt þessari heimild má taka af frjálsu vali nemenda en bætast ella við tilskilinn einingafjölda við námslok.

### 7.3 Skráning nemenda í próf og brotthvarf frá námi

Um leið og nemandi skráir sig í áfanga/bekk samþykkir hann þá tilhögun námsmats sem námsgreininni fylgir og birt er í kennsluáætlun/skólanámskrá. Skólar auglýsa frest til breytinga á skráningu og stunda-töflum í byrjun annar eða námsárs.

Nemandi sem hyggst hætta í áfanga eða segja sig úr skóla eftir að frestur til töflubreytinga er liðinn, skal tilkynna skólanum það skriflega og er hann þá skráður hættur tiltekinn dag. Gert er ráð fyrir að skráð sé lokadagsetning þeirra sem hætta af öðrum ástæðum á tímabilinu frá því að frestur til töflubreytinga rennur út og fram að prófum, svo sem vegna ófullnægjandi skólasóknar eða brottvikningar. Aðrir nemendur koma fram á prófalistum jafnvel þótt þeir mæti ekki til prófs, uppfylli ekki kröfur símats eða standist ekki prófkröfur. Þeir sem ekki mæta til prófs fá vitnisburðinn 0.

Skólameistari getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum ef aðstæður nemenda breytast, t.d. vegna langvarandi veikinda, slysfara eða dauðsfalla í fjölskyldu.

### 7.4 Kennsluáætlanir og námsmat

Í upphafi annar/skólaárs skulu nemendur fá í hendur kennsluáætlun í hverjum áfanga sem er í stundatöflu þeirra. Í kennsluáætlun á að vera lýsing á áfanganum, upplýsingar um námsgögn, kennsluáðferðir og námstilhögun, verkefnaskil nemenda og vægi lokaprófs og annarra þátta í námsmati. Nemendum skal gerð grein fyrir því hvaða aðferðum er beitt við námsmat, t.d. hvort beitt er símati, verkefni á námstímanum metin svo og tilhögun lokaprófs.

## 7.5 Reglur um námsframvindu

Miðað er við að nemendur í fullu námi á bóknámsbrautum ljúki 17 - 18 einingum á önn eða því sem næst. Á starfsnámsbrautum er hins vegar miðað við að nemendur ljúki um 20 einingum á önn. Eftirfarandi reglur eru til hliðsjónar við skipulag og starfshætti framhaldsskóla. Skólastjórnendur útfæra nánar framkvæmd reglnanna í skólanámskrám.

Skipuleggja skal námsframboð þannig að nemendur í fullu námi geti lokið námi á tiltekinni námsbraut innan þeirra tímamarka sem skilgreind eru fyrir hana.

### Áfangaskólar

1. a. Nemandi í fullu námi skal ljúka 9 einingum á önn hið minnsta eða ná fullnægjandi námsárangri í námi sem svarar til 18 kennslustunda á viku og telst hann annars fallinn á viðkomandi önn. Skólum er heimilt að víkja frá þessu lágmarki á fyrstu önn. Skólum er einnig heimilt að miða við að nemendur ljúki 18 einingum á tveimur önnum. Skóla er ekki skylt að endurinnrita nemanda hafi hann fallið á tveimur önnum í röð.
  - b. Falli nemandi á önn á hann rétt á að láta þá áfanga gilda þar sem hann hefur fengið einkunnina 7 eða hærra.
  - c. Nemanda er heimilt að þreyta próf þrívægis í sama áfanga.
  - d. Reglulegt nám til stúdentsprófs skal taka 11 annir mest og reglulegt tveggja ára nám 7 annir mest.
2. Ef fall í einum áfanga á lokaönn í áfangaskóla kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með lokaprófi skal leyfa honum að taka upp próf í þeim áfanga í lok sömu annar.
3. Nemandi sem fær einkunnina 8 eða meira í námsáfanga getur sótt um til skólameistara að stunda nám í næsta áfanga í greininni án þess að sækja kennslustundir (P-áfangi).
4. Til að standast próf í áfanga og fá leyfi til að hefja nám í næsta áfanga þarf lágmarkseinkunnina 5. Þó er nemanda heimilt að útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Þessir áfangar gefa ekki einingar.

### Bekkjarskólar

Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þegar hann hefur gengist undir lokapróf í öllum námsgreinum sínum og fullnægt eftirfarandi lágmarkskröfum um einkunnir:

1. Aðaleinkunn, þ.e. meðaltal lokaeinkunna, að lágmarki 5,0.\*
2. Prófseinkunn í hverri grein ekki lægri en 4.

Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi þótt tvær prófseinkunnir séu undir ofangreindu lágmarki en þó ekki lægri en 2.

Ef fall í einni námsgrein í bekkjarskóla kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast með lokaprófi skal leyfa honum að taka upp próf í þeirri námsgrein í lok skólaársins.

Til þess að standast próf í einstökum námsgreinum þarf nemandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Vorannareinkunn a.m.k. 4,0.
2. Lokaeinkunn, þ.e. meðaltal haustannar- og vorannareinkunnar, að lágmarki 4,0.

Til þess að geta flust án frekari skilyrða á milli námsára þarf nemandi að fullnægja lágmarksskilyrðum um lokaeinkunn, þ.e. 4,0, og aðaleinkunn þarf að vera 5,0 eða hærrí.

Nemandi í bekkjarskóla sem hefur aðaleinkunn 5,0 eða hærrí í lok skólaárs en hefur hlotið lokaeinkunn undir lágmarki í tveimur greinum, þ.e. undir 4,0, hefur heimild til þess að þreyta endurtökupróf í námsfni vetrarins við lok skólaárs. Nemandi telst hafa staðist endurtökupróf ef lokaeinkunn hans í námsgreininni er að lágmarki 4,0 og hefur þá öðlast rétt til þess að flytjast milli námsára. Ef nemandi er með þrjár lokaeinkunnir eða fleiri undir 4,0 telst hann fallinn á skólaárinu.

Ef nemandi fellur á öðru endurtökuprófinu er heimilt að flytja hann milli bekkja einu sinni á námsferlinum ef einkunn hans er ekki lægri er 2 og námsgreinin ekki aðalgrein á námsbraut hans samkvæmt skilgreiningu viðkomandi skóla.

Ef nemandi endurtekur bekk þarf hann ekki að sækja kennslustundir í þeim greinum sem hann hefur náð einkunninni 7 eða hærra.

\*Sumir skólar nota vegið meðaltal en aðrir ekki.



### 7.6 Mat á námi úr öðrum skólum, óformlegu námi og starfsreynslu

Þegar nemandi flyst á milli skóla sem starfa skv. aðalnámskrá framhaldsskóla og skráir sig þar á tiltekna námsbraut fær hann viðurkennda þá áfanga sem hann hefur lokið með fullnægjandi árangri svo framarlega sem þeir eru skilgreindur hluti af þeirri braut sem hann innritast á. Áfanga sem kunna að falla utan brautarinnar má meta sem valgreinar.

Staða nemanda sem hér á hlut að máli breytist ekki við það að hann flytjist á milli skóla hvað varðar fjölda staðinna áfanga og fjölda eininga sem hann hefur áunnið sér. Viðtökuskóli skal því virða sérreglur þess skóla sem nemandinn kemur frá í atriðum sem kunna að hafa áhrif á einingastöðu nemandans. Námið er metið með einkunn, þ.e.a.s. einkunn flyst með nemandanum.

Heimilt er að láta þess getið á prófskírteini ef nám er metið úr öðrum skólum.

Skólameistarar framhaldsskóla bera ábyrgð á að meta fyrra nám nemenda, hvort sem um formlegt eða óformlegt nám er að ræða. Með óformlegu námi er vísað til þekkingar eða færni sem aflað hefur verið á annan hátt en með formlegri skólagöngu, svo sem á námskeiðum hjá fræðsluaðilum er starfa á eigin vegum, eða með reynslu sem aflað er við störf á vinnumarkaði. Við matið skal ekki leita eftir því að fyrra nám sé nákvæmlega það sama og skilgreint er í námskrá heldur skal leggja áherslu á að athuga hvort ekki sé hægt að meta námið sem jafngilt og hvort nemandinn hafi forsendur til að ljúka náminu. Nemandi á þess kost að fá metna starfsreynslu sem hann hefur aflað sér fyrir upphaf starfsnáms. Matið getur leitt til þess að hann verði undanþeginn námi í einstökum verklegum áföngum og/eða að hann fær styttingu á þeim hluta námsins sem fer fram í verklegri þjálfun á vinnustað. Leiki vafi á hvernig rétt sé að meta nám er eðlilegt að láta nemandann njóta vafans eða vísa honum í stöðupróf. Tilgangur stöðuprófa er að gera viðkomandi kleift að sanna þekkingu sína í tiltekinni grein eða á tilteknu sviði. Með þessum hætti geta nemendur fengið viðurkennda þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir og ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla og stytta þannig tíma sinn til lokaprófs.

Menntamálaráðuneytið felur framhaldsskólum að annast framkvæmd stöðuprófa og eru þau haldin tvisvar á ári eða eftir því sem tilefni er til.

Nemendur sem ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla geta fengið námið

metið sem fullgilt kjörsviðsnám á listnámsbraut, þ.e. 45 einingar. Sama gildir um þá sem lokið hafa fullgildum miðprófum í tveimur tónlistargreinum og framhaldsprófi í tónfræðigreinum.

Heimilt er að meta tónlistarnám á miðstigi eða ofar til allt að 12 eininga á kjörsviði bóknámsbrauta. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi áður lokið grunnprófi tónlistarskóla að fullu.

Skólameistara er heimilt að meta nám í hljóðfæraleik/söng og tónfræðigreinum á grunnstigi tónlistarskóla, að hámarki 8 einingar, til eininga í frjálssu vali á bóknámsbrautum.

Nemandi, sem stundar umfangsmikla líkamsþjálfun á vegum sér sambands og/eða íþróttafélags undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttfræðings eða kennara samhliða námi í framhaldsskóla, getur óskað eftir því að skólameistari veiti honum undanþágu frá vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt.

### 7.7 Nám utan skóla

Skólameistari getur veitt nemanda heimild til að stunda nám sitt utan skóla. Um utanskólanemendur gilda sömu námskröfur og um aðra nemendur skólans. Utanskólanemendur fá að jafnaði ekki að sækja kennslustundir nema um sé að ræða æfingar sem þeim er skylt að ljúka en þeir skulu standa skil á verkefnum, skýrslum og ritgerðum í samráði við viðkomandi kennara. Sumar greinar eru þess eðlis að ekki er hægt að stunda nám í þeim utan skóla. Almennar upplýsingar um utanskólanám skulu birtar í skólanámskrá.

### 7.8 Reykingar og vímuefni

Reykingar eru óheimilar í húsnæði og á lóð framhaldsskóla. Einnig er öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna stranglega bönnuð í húsakynnum skóla. Framhaldsskólar skulu móta stefnu í áfengis- og vímuefnavörnum og birta í skólanámskrám sínum.

## 8 UM NÁMSMAT OG PRÓF

Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemendur hafa til-einkað sér markmið aðalnámskrár (skólanámskrár) í viðkomandi grein. Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti eftir ákvörðun skóla. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.

Skólar skulu leitast við að leggja fram próftöflu áður en frestur til breytinga á stundatöflum rennur út. Á sama tíma skal auglýsa sjúkrapróf í einstökum námsáföngum.

### 8.1 Próf

Vægi spurninga skal koma fram á prófverkefni. Kennari eða staðgengill hans í lögsmætum forföllum kennara skal koma á prófstað í skriflegum prófum sem hann stendur fyrir en ef því verður ekki við komið skal vera unnt að ná í hann á meðan á prófi stendur. Ef kennari verður var við almenn vafaatriði hjá nemendum í prófi þá skal hann greiða úr þeim í heyranda hljóði ef aðstæður leyfa. Í skólanámskrám skulu próf-reglur útfærðar sérstaklega.

Að loknu prófi skulu nemendur eiga þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara í síðasta lagi innan þriggja daga frá afhendingu einkunna. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt svo fljótt sem verða má og niðurstaðan birt viðkomandi nemanda án tafar.

Nemendur sem stefna að því að ljúka stúdentsprófi þurfa að taka samræmd próf í a.m.k. tveimur greinum. Um einstök atriði er varða prófin vísast til reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra stúdentsprófa í framhaldsskólum.

#### 8.1.1 Veikindi í prófi

Nemanda sem veikist og getur þar af leiðandi ekki þreytt próf ber að tilkynna um veikindi sín samdægurs til skrifstofu skólans í samræmi við gildandi skólareglur. Veikist nemandi í prófi ber honum að vekja athygli prófgæslumanns sem skrifar athugasemd um það á prófúrlausn nemandans.

Nemandi sem hefur orðið fyrir slysi eða veikst á próftímanum hefur rétt til þess að taka sjúkrapróf. Sækja skal skriflega um sjúkrapróf eftir þeim reglum sem hver skóli setur. Sjúkrapróf skulu haldin innan tveggja vikna frá því að próf var haldið. Ef nemandi kemst ekki í sjúkrapróf vegna veikinda eða slysfara hefur hann heimild til þess að þreyta sjúkraprófið síðar. Hafa skal samráð við nemanda um tímasetningu slíks sjúkraprófs.

### 8.1.2 Einkunnagjöf

Einkunnir í framhaldsskólum skulu gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 og skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar um merkingu þeirra:

Einkunn	10	vísar til þess að	95-100%	markmiða var náð
-	9	-	85-94%	markmiða var náð
-	8	-	75-84%	markmiða var náð
-	7	-	65-74%	markmiða var náð
-	6	-	55-64%	markmiða var náð
-	5	-	45-54%	markmiða var náð
-	4	-	35-44%	markmiða var náð
-	3	-	25-34%	markmiða var náð
-	2	-	15-24%	markmiða var náð
-	1	-	0-14%	markmiða var náð

### 8.1.3 Frávik frá prófareglum

Nemendur sem eiga við að etja fötlun og/eða sérþæka námserfiðleika þurfa ekki aðeins sérstaka aðstoð í námi heldur er oft óhjákvæmilegt að gera sérstakar ráðstafanir varðandi próf og annað námsmat og ber skólum að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi nemenda í þessu efni.

Fatlaðir og langveikir nemendur, nemendur með lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um frávik frá hefðbundnu námsmati. M.a. getur verið um að ræða lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð í prófum og munnleg próf. Þá ber einnig að hafa í huga aðrar aðferðir við að meta námsárangur þessara nemenda heldur en þær sem almennt eru notaðar í skólum.

### 8.1.4 Um birtingu einkunna

Meðferð og birtingu einkunna ber að haga í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og reglum Persónuverndar. Því er skólum óheimilt að birta einkunnir einstakra nemenda undir nafni, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem hægt er að persónugreina nema fyrir liggi skrifleg heimild viðkomandi nemanda.

### 8.1.5 Varðveisla prófurlausna

Skólar skulu varðveita allar prófurlausnir í eitt ár. Að þeim tíma liðnum ber skólameistari ábyrgð á að eyða öllum skriflegum prófurlausnum. Próftaki getur fengið að sjá prófurlausn sína ef hann leggur fram beiðni um það innan árs frá því að niðurstöður prófs voru birtar. Einnig getur hann fengið ljósrit af prófurlausn sinni ef hann óskar þess.

Þeir sem þess óska geta fengið afhent eintök af prófverkefnum skóla eftir að próf í viðkomandi grein hefur verið þreytt, sbr. upplýsingalög nr. 50/1996.

## 8.2 Staðall fyrir prófskírteini

Prófskírteini er prentað á löggiltan skjalapappír eða annan gæðapappír þar sem fram kemur merki skóla og heiti.

Á prófskírteini eru skráðar eftirfarandi lágmarksupplýsingar. Einstakir skólar geta bætt við upplýsingum telji þeir þörf á.

- nafn og kennitala nemanda
- námsbraut, skipting í kjarna, kjörsvið og frjálst val eða önnur sundurliðun skv. námskrá viðkomandi námsbrautar
- heiti prófgráðu og lengd náms í árum
- einstakar námsgreinar
- skammstöfun og númer áfanga
- einkunnir úr hverjum áfanga sem lokið er með fullnægjandi árangri
- heildarfjöldi eininga í námsgrein
- heildarfjöldi eininga á námsbraut
- skólasóknareinkunn eða vitnisburður um ástundun
- undanþága frá áfanga/áföngum
- dagsetning prófskírteinis
- undirritun skólameistara og stimpill skóla.

Ljúki nemandi af starfsnámsbraut stúdentsprófi með viðbótarnámi skal þess sérstaklega getið og viðbótarnáminu haldið aðgreindu.

Handhafi prófskírteinis getur fengið gefna út þýðingu þess á ensku ef hann óskar. Framhaldsskóli sá sem útskrifar nemandann annast gerð slíkrar þýðingar.

Heiti og hugtök í prófskírteini skulu byggjast á hugtakanotkun aðalnámskrár framhaldsskóla.

Prófskírteinum starfsnámsbrauta skal fylgja viðauki á ensku sem skýrir helstu upplýsingar er fram koma á skírteininu. Viðaukinn er einkum ætlaður erlendum aðilum sem fá prófskírteinið í hendur til skoðunar vegna umsóknar viðkomandi nemanda um inngöngu í skóla eða um starf á erlendri grund. Viðaukinn er birtur á heimasíðu menntamálaráðuneytisins sem annast gerð hans.

Óski framhaldsskóli af einhverjum ástæðum eftir frávikum frá ofangreindu sækir hann til menntamálaráðuneytisins um slíka undanþágu með rökstuðningi.

Skóla er skylt að varðveita afrit prófskírteina í tryggri hirslu í samræmi við ákvæði laga um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985.

## 9 UNÐANÞÁGUR OG FRÁVIK

### 9.1 Undanþágur og frávik frá einstökum námsgreinum eða námsáföngum

Fatlaðir nemendur, langveikir og nemendur með sértæka lesröskun (lestrar- og skriftarörðugleika) og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um undanþágu til skólameistara frá einstökum námsáföngum enda sé fullreynt að mati skóla að viðkomandi nemandi geti ekki náð tókum á námsefninu vegna skilgreindra annmarka sem sérfræðingur á viðkomandi sviði hefur staðfest. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá.

Nemendur geta einnig sótt um undanþágu til skólameistara frá einni námsgrein ef þeir eiga við það mikla námsörðugleika að stríða að þeir geta ekki náð tókum á námsefninu þrátt fyrir endurteknar tilraunir og þrátt fyrir sérstaka aðstoð frá viðkomandi skóla. Slíkir námsörðugleikar skulu staðfestir af sérfræðingi á viðkomandi sviði. Nemendur sem fá undanþágu samkvæmt þessu skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Íslenskir nemendur sem dvalið hafa langdvölum erlendis geta sótt um að stunda nám í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Þeim skal einnig gefinn kostur á að taka stöðupróf í íslensku þar sem því verður við komið.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku samkvæmt sérstakri námskrá. Sama gildir um heyrnarlausu nemendur.

Nemendur sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál.

Nemendur sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Áður en undanþága er veitt skal skólameistari gera nemendum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í skólum á háskólastigi eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða.

Á prófskírteini nemenda skal gera sérstaka grein fyrir undanþágum sem veittar eru samkvæmt framansögðu.

## 9.2 Undanþágur fyrir afreksfólk í íþróttum

Afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglíngalandslið eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem hefur verið valinn til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir Norðurlandamót, Evrópumeistararmót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika í sinni íþróttagreini.

Þegar staðfesting á fyrirhugaðri þátttöku nemandans í íþróttaverkefnum liggur fyrir er mælt með því að skólastjórnendur geri sérstakan samning við hann um þær undanþágur sem á þarf að halda, s.s. um skólasókn nemandans, verkefnaskil og próftöku. Viðkomandi sérsamband/landsliðsþjálfari/ landsliðsnefnd skal leggja fram staðfesta áætlun um þátttöku íþróttamannsins í íþróttaverkefnum fyrir upphaf skólaárs eða námsannar.

Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagreini, reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn nemenda. Komið skal til móts við afreksíþróttafólk á þann hátt að fjarvera þess á prófatíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða á vegum landsliðs í viðkomandi íþróttagreini, útiloki ekki nemendur frá því að gangast undir námsmat í lok skólaárs eða námsannar. Leitast skal við að gefa nemandanum tækifæri til að ljúka prófum eða lokaverkefnum eftir því sem við verður komið.



## 10 UM MEÐFERÐ PERSÓNULEGRA UPPLÝSINGA

### 10.1 Meðferð gagna

Gögn í vörslu skóla sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar um nemendur skal farið með í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og ákvæði upplýsingalaga nr. 59/1996 eftir því sem við á. Starfsfólk í framhaldsskóla er bundið trúnaði og óheimilt er að veita persónulegar upplýsingar um nemanda án samþykkis þess sem í hlut á og foreldra/forráðamanna ef um er að ræða nemanda yngri en 18 ára.

### 10.2 Upplýsingaskylda gagnvart nemendum, foreldrum/forráðamönnum

Þegar nemandi hefur náð sjálfræðisaldri er einungis heimilt að veita honum sjálfum, eða þeim sem nemandinn veitir skriflegt umboð, upplýsingar um mál er varða hann persónulega.

Óski foreldrar/forráðamenn nemanda sem er yngri en 18 ára eftir upplýsingum frá framhaldsskóla um námsframvindu, skólasókn eða annað sem tengist barni þeirra sérstaklega, þá ber skólastjórnendum að veita þær upplýsingar.

Ef brot ólögráða nemanda gegn skólareglum felur það í sér að veita verður honum skriflega viðvörðun/áminningu ber skólastjórnendum jafnframt að tilkynna foreldri/forráðamanni skriflega um áminninguna.

Skólastjórnendur skulu leitast við að koma á skipulegum tengslum við foreldra/forráðamenn nemenda og kynna þeim m.a. skólánámskrá, skólareglur, skipulag og markmið skólans.

## 11 MEÐFERÐ MÁLA

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Miðað skal við að umsjónarkennarar og námsráðgjafar séu hafðir með í ráðum við lausn ágreiningsmála sem varða skjólstæðinga þeirra. Ágreiningsmálum sem varða einstaka nemendur og ekki leysast í samskiptum einstaklinga skal vísa til skólaráðs. Veita skal nemanda viðvörun áður en til refsingar kemur nema brotið sé þess eðlis að því verði ekki við komið, svo sem brot á almennum hegningarlögum. Áminningar vegna brota á skólareglum eiga að vera skriflegar þar sem fram kemur m.a.:

- a) tilefni áminningar og þau viðurlög sem fylgja í kjölfarið brjóti nemandi aftur af sér
- b) að nemandi sé gefinn kostur á að andmæla áminningu og skal tímafrestur hans til þess tilgreindur

Framhaldsskólar skulu hafa feril máls skráðan þegar ágreiningsmál koma upp innan skólans eða þegar um brot á skólareglum er að ræða. Við meðferð mála skal sérstaklega gæta ákvæða stjórnisýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalaga nr. 50/1996. Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti.

### 11.1 Samskipti nemenda og starfsfólks framhaldsskóla

Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna framhaldsskóla og takist hlutaðeigandi ekki að finna lausn á málinu skal því vísað til skólameistara. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu skólameistara má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

Komi fram kvartanir eða kærur vegna samskipta nemanda/nemenda og skólameistara og takist ekki að leysa málið innan skólans skal því vísað til úrlausnar menntamálaráðuneytisins.

Telji nemandi eða forráðamenn hans, sé nemandinn yngri en 18 ára, að brotið hafi verið á rétti nemandans, sbr. skólareglur, þannig að ástæða sé til að bera fram kvörtun skulu þeir snúa sér til viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða skólameistara. Takist ekki að leysa málið tekur skólameistari það til umfjöllunar og ákvarðar um viðbrögð.

Með sama hætti skal kennari eða annar starfsmaður skóla sem telur að brotið hafi verið á rétti sínum með einum eða öðrum hætti koma kvörtun sinni til skólameistara.

### 11.2 Misferli í prófum

Nemanda sem staðinn er að misferli í prófi skal vísa frá prófi og getur hann átt von á brottvikningu úr skóla, tímabundið eða til frambúðar, eftir alvarleika brots. Hið sama gildir um misferli þar sem námsmat felst í öðru en skriflegu eða munnlegu prófi.

### 11.3 Ágreiningur um námsmat

Komi upp ágreiningur milli nemanda og kennara um mat úrlausnar sem ekki tekst að leysa innan skóla skal skólameistari kveðja til prófdómara til þess að fara yfir úrlausnina að höfðu samráði við deildarstjóra. Úrskurður prófdómara skal gilda.

Um meðferð ágreiningsmála vegna árangurs í sveinsprófum ber að fjalla samkvæmt gildandi reglugerð þar um.

### 11.4 Brot á reglum um skólasókn

Á grundvelli reglna um skólasókn er hægt er að vísa nemanda úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólarsóknar og skal hann þá áður hafa fengið skriflega viðvörðum frá viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða stjórnanda enda hafi verið ljóst að í óefni stefndi. Endanleg brottvikning er á ábyrgð skólameistara og skal hann leita umsagnar skólaráðs áður en til hennar kemur. Nemandi sem vikið er úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar fær ekki að taka próf í viðkomandi grein/greinum í lok þeirrar annar.

### 11.5 Ágreiningur um námsframvindu

Ágreiningsmál um námsframvindu eða undanþágubeiðnir skulu koma til umfjöllunar í skólaráði. Skólameistari sker úr um slík mál. Uni nemandi ekki þeim úrskurði má vísa málinu til menntamálaráðuneytisins.

## 12 MAT Á SKÓLASTARFI

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar og ýmsum öðrum sem tengjast starfseminni. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í gildandi lögum um framhaldsskóla er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og einnig að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

### 12.1 Sjálfsmat

Sjálfsmat er ein leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Sjálfsmat skóla er markmiðstengt og á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólans. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og þau markmið sem skólarnir hafa sett fram í skólánámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi. Það er langtímaáætlun en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf m.a. að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í lögum um framhaldsskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat í þeim tilgangi að leggja mat á starfsemi sína. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

### 12.1.1 Viðmið fyrir sjálfsmat

Þau atriði sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar sem viðmið fyrir sjálfsmatsaðferðir eru eftirfarandi:

1. **Formlegt.** Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagaða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það og til hverra það nær.
2. **Altækt.** Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.
3. **Áreiðanlegt.** Mikilvægt er að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og með viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa s.s. nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.
4. **Samstarfsmiðað.** Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúningu sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.
5. **Umbótamiðað.** Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.
6. **Árangursmiðað.** Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

7. *Stofnana- og einstaklingsmiðað.* Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.
8. *Lýsandi.* Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.
9. *Greinandi.* Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og birt í samantekt í lokin.
10. *Opinbert.* Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

## 12.2 Ytra mat

### 12.2.1 Úttektir á sjálfsmatsaðferðum

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna. Hluti upplýsingaöflunar getur falist í viðhorfakönnunum. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat sem fjallað er um hér að framan liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

### 12.2.2 Úttektir á skólastarfi

Sem hluti af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið fara fram úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. úttektir á kennslu í ákveðinni faggrein en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skóla-  
starfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma.  
Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem  
stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, endurmenntun starfsmanna, sam-  
starfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans  
við samfélagið.

## 13 FULLORÐINSFRÆÐSLA

Fullorðinsfræðsla er almenn og sérhæfð fræðsla fyrir fullorðna sem hentar ekki að sækja reglulega kennslu í dagskóla. Um er að ræða skilgreint nám á grunn- og framhaldsskólastigi, endurmenntunarnámskeið af ýmsum toga og einstakar námsgreinar eftir þörfum hvers og eins. Viðkomandi stofnun veitir nánari upplýsingar um fullorðinsfræðslu.

### 13.1 Framhaldsskólar

Framhaldsskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að bjóða upp á nám í öldungadeildum/kvöldskólum, þ.e. almenna og sérhæfða fræðslu fyrir fullorðna. Nám sem nemendur ljúka með fullnægjandi árangri, er jafngilt samsvarandi námi sem fram fer á einstökum brautum framhaldsskóla.

Nemendur í öldungadeildarnámi/kvöldskóla ræður námshraða sínum, þ.e.a.s. þeir geta tekið eina grein eða fleiri eða skráð sig til náms á tiltekna námsbraut sem starfrækt er við viðkomandi framhaldsskóla, allt eftir þeim markmiðum sem hann stefnir að. Nemendur í öldungadeild/kvöldskóla greiða því sem næst þriðjung kennslulauna vegna kennslunnar.

### 13.2 Símenntun

Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að auka fjölbreytni og framboð náms, ekki aðeins formlegs náms samkvæmt aðalnámskrá sem er í boði í framhaldsskóla, heldur og hvers kyns óformlegs náms á vegum annarra aðila. Tilgangurinn er að auka sveigjanleika í námi og kennslu, mæta auknum kröfum í samfélaginu um sérhæfða menntun sem skólar eiga erfitt með að bregðast við og svara þörf meðborgaranna fyrir menntun sem tekur mið af undirbúningi hvers og eins.

Framboð náms á sviði sí- og endurmenntunar hefur vaxið mjög á síðustu árum. Símenntunarmiðstöðvar, menntasmiðjur, námsflokkar, fagfélög o.fl. aðilar bjóða upp á fjölbreytt nám um land allt. Þar er m.a. lögð áhersla á hagnýtt nám, sköpun og sjálfsstyrkingu með það að markmiði að undirbúa fólk til þátttöku í atvinnulífinu eða til að hefja nám í hinu almenna skólakerfi. Víða er veitt alhliða þjónusta þ.e. bæði grunn- og framhaldsmenntun, frístundanám, prófanám og starfsnám.



Þar fer einnig fram nám í íslensku fyrir útlendinga. Víða er í boði starfs- og námsráðgjöf í tengslum við símenntun.

Nokkrir framhaldsskólar gefa nemendum sínum kost á að stunda fjarnám eða dreifnám. Hér er um einstaklingsmiðað nám að ræða sem námsmaður getur stundað óháð búsetu og tíma og þegar honum hentar. Kennslan fer fram með aðstoð tölvu- og fjarskiptabúnaðar og er m.a. í formi umræðu, verkefna, ritgerða, símafunda og prófa.

Unnið er að því að brúa bilið milli formlegs og óformlegs náms, þannig að þeir sem tekið hafa þátt í símenntun eigi greiða leið inn í hið formlega skólakerfi og fái sanngjarnt mat á menntun sinni þar.

## 14 VIÐAUKI I

Þriggja og fjögurra ára starfsnám. (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brautalýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)

### Bygginga- og mannvirkjagreinar:

Húsasmíði (HÚ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Húsasmíði (HÚ9) – samningsbundið iðnnám  
 Húsgagnabólstrun (HB9) – samningsbundið iðnnám  
 Húsgagnasmíði (HS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Húsgagnasmíði (HS9) – samningsbundið iðnnám  
 Málaraiðn (MÁ9) – samningsbundið iðnnám  
 Múraraíðn (MR8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Múraraíðn (MR9) – samningsbundið iðnnám  
 Pípulagnir (PL9) – samningsbundið iðnnám  
 Veggfóðrun og dúklagnir (VD9) – samningsbundið iðnnám

### Farartækja- og flutningsgreinar:

Bifreiðasmíði (BS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Bifvélavirkjun (BV8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Bílamálun (BM8) – iðnnám á verknámsbraut

### Heilbrigðis- og félagsgreinar:

Lyfjatæknabraut (LT)  
 Nuddnám (NN)  
 Sjúkraliðabraut (SJ)  
 Tannsmíði (TS)

### Hönnunar- og handverksgreinar:

Gull- og silfursmíði (GS9) – samningsbundið iðnnám  
 Kjólasaumur (KJ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Klæðskurður (KL8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Skósmíði (SÐ9)  
 Söðlasmíði (SÖ9) – samningsbundið iðnnám

### Matvæla- og veitingagreinar:

Bakaraiðn (BA9) – samningsbundið iðnnám

Framreiðsla (FR9) – samningsbundið iðnnám  
 Kjötíðn (KÖ9) – samningsbundið iðnnám  
 Matreiðsla (MA9) – samningsbundið iðnnám  
 Matartæknabraut (MT)  
 Mjólkuriðn (MJ)

**Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar:**

Blikksmíði (BL8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rennismíði (RS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Stálsmíði (SM8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Vélvirkjun (VS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Netagerð (NG9) – samningsbundið iðnnám

**Rafiðngreinar:**

Rafeindavirkjun (RE8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvélavirkjun (RV8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvélavirkjun (RV9) – samningsbundið iðnnám  
 Rafvirkjun (RK8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Rafvirkjun (RK9) – samningsbundið iðnnám  
 Símsmíði (SS9) – samningsbundið iðnnám

**Sjávarútvegs- og siglingagreinar:**

Skípstjórnarbraut 2. stig (SK2)  
 Skípstjórnarbraut 3. stig (SK3)  
 Vélstjórnarbraut 3. stig (VV3)  
 Vélstjórnarbraut 4. stig (VV4)

**Snyrtigreinar:**

Hársnyrtiiðn (HG9) – samningsbundið iðnnám  
 Snyrtifræði (SN8) – iðnnám á verknámsbraut

**Tölvu- og tækninám:**

Tölvufræðibraut (TF)

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:**

Bókasafnstækni (BT)  
 Bókband (BÓ8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Fjölmiðlatækni (FM)

Grafísk miðlun (prentsmíð) (PS8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Ljósmyndun (LM8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Nettækni (NT)  
 Prentun (PR8) – iðnnám á verknámsbraut  
 Veftækni (VT)

## 15 VIÐAUKI II

Tveggja til þriggja ára starfsnám. (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brauta- lýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)

### Heilbrigðis- og félagsgreinar:

Félagsliðanám (FL)  
 Hjúkrunar- og móttökuritarabraut (HM)  
 Tanntæknabraut (TÆ)

### Hönnunar- og handverksgreinar

Tækniteiknun (TT)  
 Útstillingabraut (ÚTS)

### Matvæla- og veitingagreinar:

Slátrun (SL)

### Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar:

Grunnnám málmíðngreina (MG)  
 Málmstuða (MÐ9) – samningsbundið iðnnám

### Sjávarútvegs- og siglingagreinar:

Skipstjórnarbraut 1. stig (SK1)  
 Vélstjórnarbraut 2. stig (VV2)

### Uppeldis- og tómsundanám:

Félagsmála- og tómsundabraut (FT)  
 Íþróttabraut (ÍÞB)  
 Nám fyrir stuðningsfulltrúa (SG)  
 Nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum (LL)  
 Uppeldisbraut (UP)

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar:**

Grunnnám að viðbættu sérnámi

**Verslunar- og viðskiptanám:**

Viðskiptabraut (VI)

**16 VIÐAUKI III**

Annað starfsnám. (Upptalningin miðast við nám sem skilgreint er í aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta – brautalýsingum, og þarf því ekki að vera tæmandi.)

**Bygginga- og mannvirkjagreinar:**

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)

**Farartækja- og flutningsgreinar:**

Grunnnám bíliðna (GB)

**Matvæla- og veitingagreinar**

Grunnnám matvælagreina (GN)

Hússtjórnarbraut (HB)

Matsveinabraut (MS)

**Rafiðngeinar:**

Grunnnám rafiðna (GR)

**Sjávarútvegs- og siglingagreinar:**

Sjávarútvegsbraut (SÚ)

Vélstjórnarbraut 1. stig (VV1)

**Uppeldis- og tómstundanám:**

Íþróttanám, sérnám í íþróttافرæði og íþróttagreinum (ÍÞ)

Nám fyrir skólaliða (SK)





MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ